

Leiðbeiningar um sýnatöku á neyslu-, vinnsluvatni og ís

Sýni ehf. selur/leigir út dauðhreinsuð sýnaglös sem eru tilbúnar til notkunar og veitir viðskiptavinum sínum allar nánari upplýsingar um sýnatöku.

Almennar leiðbeiningar

Miða skal við að geyma flöskur ekki lengur en c.a. 6 mánuði frá dauðhreinsun.

Sýnatökuglas skal vera dauðhreinsað og lokað þangað til sýnataka hefst. Þvoið hendur, og sóttþreinsið ef mögulegt er.

Forðist að snerta lokið að innan eða brún ílátsins þegar sýnatökuglasið er opnað. Haldið alltaf í botn sýnatökuglassins þegar það er fyllt. Einnig ber að forðast trekk á tókustað.

Vatnsmagn í sýni við hefðbunda örverurannsókn skv. **Neysluvatnsreglugerð 536/200**, þarf að vera **a.m.k. 200 ml**. Við víðtækari örverurannsókn gæti þurft meira magn sýnis.

Hafa ber sýnatökuílatið lokað þar til sýnið er tekið til rannsóknar. Einnig skal ganga þannig frá sýni til sendingar að það haldist kalt (< 10°C) þar til á prófunarstofu er komið.

Sýni á helst að mæla innan 24 tíma. Því skal skrá sýnatökudag og tíma á merkimiða á sýnaglösnum og á beiðni.

Sýnataka á neyslu- og vinnsluvatni, notkunarstaður

Sýni skal taka beint úr krana eða slöngu án sóttþreinsunar.

- Opnið kranann að fullu og látið renna í u.þ.b. 2 mínútur til þess að hreinsa burt vatn, sem staðið hefur í lögnum og einnig til að hitastig vatnsins sé orðið stöðugt.
 - Ef sýni er tekið úr **blöndunartækjum** er gott að láta heitt vatn renna fyrst í 2 mín., síðan kalt vatn í 2 mínútur og taka svo sýnið.
- Minnkið rennslið til að forðast að slettist upp úr ílátinu, látið renna í u.þ.b. 1 mínútu og opnið sýnatökuglasið.
- Notið ekki leka krana sem sýnatökustað.
- Lokið sýnatökuglasinu þéttingsfast og gangið frá því til sendingar á prófunarstofu eins og lýst er hér að ofan í almennum leiðbeiningum.

Þegar sýnatöku er lokið er nauðsynlegt að **halda sýninu kældu** meðan á flutningi stendur til prófunarstofu. Ef ísmolar eru notaðir til kælingar við flutning sýnis, mega þeir ekki komast í beina snertingu við sýnatökuglasið því sýnið má ekki frjósa og einnig er hættu á mengun.

Sýnið þarf að berast prófunarstofu sem allra fyrst eftir að sýnið hefur verið tekið, þó **alltaf innan 24 klst.** Gangu verður úr skugga um að sýnin séu **vel merkt** viðtakanda þannig að merking máist ekki af og að það komi greinilega fram að sýnin skuli höfð í kæli hvort sem þau eru geymd yfir nótt eða hluta úr degi hjá flutningsaðila.

Sýnataka á ís, notkunarstaður:

Almennt gildir það sama og um neyslu- og vinnsluvatn.

Nota má bæði dauðhreinsað sýnatökuglas eða poka við sýnatöku.

Taka skal ís á nokkrum stöðum ef ís er tekinn úr kari eða ísvél.

Ísmagn í sýni við hefðbunda örverurannsókn, þarf að vera a.m.k. 200 gr.

Hafa ber sýnatökuílatið lokað þar til sýnið er tekið til rannsóknar.

Ganga skal þannig frá sýni til sendingar að það haldist frosið eða < 10°C þar til á prófunarstofu er komið.

Nauðsynlegt er að fá ýtarlegar upplýsingar um sýnið og fylla út beiðni um mælingar sem má nálgast á heimasíðu Sýnis ehf.: **Beiðni um mælingar - vatn.**

Fram þarf að koma:

- Dagsetning sýnatöku.
- Tímasetning sýnatöku.
- Tegund vatnsbóls (ef við á).
- Staðsetning sýnatöku (t.d. hvar krani/kar/ísvél er staðsett í húsi eða númer krana).
- Meðhöndlun sýnis ef einhver (t.d. klórblandað).

Gott er að senda beiðnina í tölvupósti til viðkomandi prófunarstofu til að láta vita að sýnið sé á leiðinni.

Tilvísanir

Neysluvatnsreglugerð 536/2001 með síðari breytingum

Heimildir

Vinnuhandbók fyrir örverurannsóknir á matvælum og neysluvatni